

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

Deiliskipulag, Nesjar, Stapavík, L170904.

Í deiliskipulaginu felst skilgreining þriggja lóða auk byggingarheimilda á lóðinni Stapavík, L170904, í landi Nesja.

Samþykkt í sveitarstjórn 19. janúar 2022.

Deiliskipulagsbreyting, Skagamýri, L218056.

Breyting er gerð á gildandi deiliskipulagi Skagamýrar, L218056, fyrir lóðir 2, 4 og 12 og felur í sér skiptingu lóða.

Lóð 2 skiptist í lóðir 2, 2a og 2b, lóð 4 skiptist í lóðir 4, 4a, 4b og 4c, og lóð 12 í lóðir 12 og 12a.

Samþykkt í sveitarstjórn 6. október 2021.

Deiliskipulag, Borg í Grímsnesi – íbúðarbyggð.

Um er að ræða heildarendurskoðun deiliskipulags sem tekur til þéttbýlisins að Borg í Grímsnesi. Lagfæringar eru gerðar á lóðamörkum, stígakerfi, byggingarskilmálum og fleiru vegna breyttra aðstæðna og nýrri og nákvæmari kortagagna.

Samþykkt í sveitarstjórn 16. febrúar 2022.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 22. febrúar 2022.

Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita bs.,

Vigfús Þór Hróbjartsson.

B-deild – Útgáfudagur: 8. mars 2022